

Alþingi
Erindi nr. P 125/789
komudagur 26.1.2000

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

26. janúar 2000

Mér barst bréf frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis með beiðni um umsögn vegna frumvarps til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, 225. mál., fjöldauppsagnir.

Við 14. grein bætist : "Það telst til verkfalla í skilningi laga þessara þegar starfsmenn leggja niður venjuleg störf sín að einhverju eða öllu leyti í því skyni að ná tilteknu sameiginlegu markmiði. Sama gildir um aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu starfsmanna sem jafna má til verkfalla."

Þá fylgja athugasemmdir við frumvarpið þar sem segir m.a.: Meðan kjarasamningar eru í gildi ríkir svokölluð friðarskylda. Í friðarskyldunni felst að aðilar mega ekki á samningstímabilinu knýja fram breytingar á því sem um hefur verið samið með vinnustöðvun, þ.e. verkfalli eða verkbanni...á síðustu árum hefur það ítrekað gerst að fjöldi starfsmanna í sömu starfsstétt hjá hinu opinbera hefur sagt störfum sínum lausum á sama eða svipuðum tíma vegna óánægju með launakjör. Umræddum uppsögnum hafa ávallt fylgt viðræður milli starfsmanna og hlutaðeigandi aðila hjá hinu opinbera. Viðræðunum hefur ætíð lyktað með einhvers konar samkomulagi eða samningi um launahækkanir til starfsmanna sem þá hafa dregið uppsagnir sínar til baka eða sótt aftur um fyrri störf."

Stjórn SMNÍ sér ekki að sú breyting sem lögð er til með frumvarpi þessu, 225. mál., breyti á nokkurn hátt rétti opinbers starfsmanns að segja starfi sínu lausu með lögbundnum fyrirvara. Það er furðulegt ef nefndarmenn halda að þessi breyting komi í veg fyrir það sem þeir vilja kalla fjöldauppsagnir. Það skiptir auðvitað engu máli hvort ákveðinn fjöldi starfsfólks í sömu starfsstétt ákveður að segja upp störfum á sama tíma, jafnvel þótt það ákveði það sem lið í kjarabaráttu, vegna þess að það er grundvallar munur á verkfalli og vinnustöðvun annars vegar og uppsögn með löglegum fyrirvara hins vegar. Eftir að uppsögnin hefur tekið gildi hefur atvinnurekandinn engum skyldum að gegna lengur gagnvart starfsmanninum og öfugt, þ.e. hann hefur tekið þá áhættu að fá ekki starf sitt aftur, jafnvel þótt tilgangur uppsagnarinnar verið að knýja fram bætt kjör.

Stjórn SMNÍ lýsir furðu sinni á því að nefndin ætli sér að knýja þetta frumvarp í gegn um þingið og gera því opinbera starfsmenn n.k. þræla á ákveðnum vinnustað, jafnvel á lúsarlaunum. Ríki og sveitarfélögum væri nær að gera almennilega kjarasaminga við sína starfsmenn eða standa við gerða samninga þar sem í mörgum tilfellum hefur starfsfólk sagt upp til að knýja fram rétta röðun í launaflokka skv. aðlögunarsamningi, sbr. hjúkrunarfræðinga.

SMNÍ vill að lokum áréttta það álit sitt að "...aðgerðir að hálfu starfsmanna sem jafna má til verkfalla", eins og stendur í breytingatillögunni, þýðir ekki: fjöldauppsagnir bannaðar. Uppsögn er uppsögn svo fremi sem maður segir upp með fúsnum og frjálsum vilja. Sá réttur verður ekki tekinn af opinberum starfsmönnum fremur en öðrum.

Viðingarfyllst

F.h. stjórnar SMNÍ

Sigurður Einarsson
Formaður Stéttarfélags matvæla og næringarfræðafélags Íslands